

326. fundur Skólanefndar FS

9. apríl 2014



Mættir: Guðbjörg Rut Þórisdóttir formaður, Guðbjörg Kristmundsdóttir, áheyrnarfulltrúarnir Gunnar Valdimarsson og Elva Dögg Sigurðardóttir og Kristján Ásmundsson skólameistari.

Formaður setti fund og síðan var gengið til dagskrár.

- Dagskrá:**
1. Annarlok og breytingar vegna verkfalls.
 2. Nýgerðir kjarasamningar.
 3. Staðan.
 4. Önnur mál.

1. Annarlok og breytingar vegna verkfalls.

Skólameistari sagði frá breyttu dagatali vorannar en fimm kennsludögum verður bætt við önnina vegna verkfalls kennara. Kennt verður þriðjudaginn eftir páska og á sumardaginn fyrsta en auk þess verður þremur kennsludögum bætt við í byrjun maí. Prófdögum verður fækkað en útskrift verður laugardaginn 24. maí eins og upphaflega var gert ráð fyrir.

2. Nýgerðir kjarasamningar.

Skólameistari ræddi um nýgerða kjarasamninga kennara og fór yfir helsti nýjungar og breytingar sem þar verða. Þar eru nokkrar nýjungar sem eiga m.a. að stuðla að því að laun kennara dragist ekki aftur úr samanburðarhópum. Þá verða breytingar gerðar á vinnutíma og hvernig hann er mældur.

3. Staðan.

Hulda Oddsdóttir skólaritari hætti störfum um síðustu mánaðarmót. Í haust verður metið hvort ráðið verður í stöðuna eða skipulagi breytt. Elín Rut Ólafsdóttir áfangastjóri verður í námsleyfi næsta vetur og einn kennari hefur sótt um launalaust leyfi. Þá eru tveir starfsmenn á leið í fæðingarorlof. Fljótlega verður auglýst eftir námsráðgjafa til afleysinga. Búið er að setja þráðlaust net í allar kennslustofur. Stefnt er að því að selja sumarbústað sem nemendur í trésmíðadeild byggðu. Ekki er ljóst hver fjárhagsstaðan verður í lok skólaársins en reikna má með auknu brottfalli á þessari önn.

4. Önnur mál.


a) Nemendur úr skólanum unnu Snilldarlausnir Marel og er það þriðja árið í röð sem nemendur skólans vinna þá keppni.

b) Stærðfræðikeppni grunnskólanna var haldin í skólanum þann 11. mars og voru þátttakendur 149. Verðlaun verða afhent 23. apríl.


c) Skólinn hefur fengið svar frá ráðuneyti um kennslu grunnskólanemenda og hefur skólinn fengið leyfi til að halda þeirri kennslu áfram enda sé kostnaður innan fjárveitinga.

d) Níu nemendur skólans kepptu á Íslandsmóti iðngreina og stóðu sig prýðilega þó þeir hafi ekki náð verðlaunasæti að þessu sinni. Meðfram keppninni fór fram kynning á námi í framhaldsskólum og tók skólinn þátt í henni.

Fleira ekki gert og fundi slitið.




Guðbjörg Rut Þórisdóttir, formaður



Guðbjörg Kristmundsdóttir




Gunnar Valdimarsson



Elva Dögg Sigurðardóttir



Kristján Ásmundsson



Guðmann Kristþórsson, fundarritari